



Egilsstaðaskóli

Umbótaáætlun vegna ytra mats

Menntamálastofun framkvæmdi ytra mat á skólastarfi í Egilsstaðaskóla í lok september 2018. Í kjölfarið var birt skýrsla með niðurstöðum matsins, styrkleikum skólans og tækifærum til úrbóta. Í brennidepli voru fjórir liðir skólastarfsins, stjórnun, nám og kennsla, innra mat og teymskennsla. Eftirfarandi tafla sýnir þær tillögur sem gerðar voru að úrbótum og áætlaðar aðgerðir til úrbóta, ásamt ábyrgðaraðilum og áætluðum verklokum. Neðan við tölfuna eru síðan atriði sem talin eru þarfnast frekari skýringar.

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir	ábyrgðaraðili	Áætluð verklok/mat
Stjórnun				
	Gera sýnilegt í skólanámskrá hvernig grunnþættir menntunar fléttast inn í skólastarf.	Uppfæra skólanámskrá. vinna lýsingu á því hvernig unnið er með hvern einstakan grunnþátt í skólastarfinu.	Skólastjóri	Janúar 2020
	Birta opinberlega árganganámskrár/ kennsluáætlanir sem ná til skólaársins.	Vinna bekkjarnámskrár þ.e. kennsluáætlanir sem birta helstu viðfangsefni hvers árgangs og birta á heimasíðu.	Skólastjóri og kennarar viðkomandi greina	September 2019
	Skólaráð haldi opinn fund einu sinni á ári fyrir alla hagsmunaaðila	Taka þetta atriði til umræðu og afgreiðslu í skólaráði.	Skólaráð	Febrúar 2019

skólasamfélagsins (sbr. 4. gr. reglugerðar)			
Endurskoða forvarnaráætlun þar sem fram koma helstu áherslur í forvörnum og verkefni tengd þeim.	Forvarnarátælan er í vinnslu hjá forvarnarfulltrúa svetiárfélagsins. Tekið verður mið af þeirri áætlun við endurnýjun forvarnaráætlunar.	Heilsueflandi teymi	Maí 2020
Stjórnendur fari reglulega í kennslustundir og veiti kennurum endurgjöf á nám og kennslu.	Stjórnendur móti fyrirkomulag endurgjafar í samráði við kennara. Stjórnendur setji sér markmið og meti framkvæmd tvisvar á ári.	Stjórnendur	Stöðumat tvisvar á ári - í janúar og maí.
Huga að því að nemendur í nefndum og ráðum, t.d. skólaráði, fái til þess þjálfun.	Þjóða nemendum sem sitja sem fulltrúar nemendahópsins upp á félagsmálanámskeið á skólatíma. Leita eftir samvinnu við UMFÍ um námskeiðið.	Aðstoðarskólastjóri	Skólaráíð 2019-2020
Huga að því við gerð stundatöflu að ævinlega sé nemendum skapað svigrúm til að fara á milli íþróttta/sundtíma og bóklegra tíma.	Þessi ábending verði tekin til greina og unnið að viðunandi lausn til lengri tíma. Eins og aðstæður eru er búningaástaða ófullnægjandi í íþróttahúsi og skólinn hefur takmarkaðan tíma þar til afnota, þar sem aðstaða er nýtt af fleiri aðilum. Reynt er að nýta frímíntútur, en þó eru alltaf einhver dæmi um þar sem nemendur fara á milli á kennslutíma. Skólastarfið er skipulagt á þremur tímaplönnum sem jafnframt gerir nýtingu tíma í íþróttahúsi snúnari.	Skólastjóri	Staðan verði metin í kjölfar stundatölfugerða árlega.
Skoða hvernig hægt er að efla verkefnið Heilsueflandi grunnskóli þannig að það verði áfram öðrum til eftirbreytini.	Lögð verður áhersla á að festa í sessi þróunarhópin um heilsueflandi skóla samkvæmt nýju fyrirkomulagi sem unnið var eftir á yfirstandandi skólastarfi. Verkefnið verði regnhlíf yfir smærri verkefni sem unnin eru í skólanum, s.s. í tengslum við slökun og kennslu í slökun og hugleiðslu og verkefni í anda jákvæðrar sálfræði.	Heilsueflandi teymi	Metið reglulega í innra mati í samræmi við matsáætlun.

		Hugað verði að því að taka þátt í Evrópuverkefni í tengslum við heilsueflingarverkefnið.		
Nám og kennsla				
	Gera kennsluáætlanir/árgang anámskrár til skólaársins svo sjá megi samfellu í námi nemenda í öllum fögum. Birta kennsluáætlanir fyrir allar námsgreinar	Vinna bekkjaranámskrár þ.e. kennsluáætlanir sem birta helstu viðfangsefni hvers árgangs og birta á heimasíðu. Gera jafnframt sýnilegar áherslur í kennsluháttum hvers aldurstigs.	Skólastjóri	September 2019
	Huga að því að sérstakur stuðningur við nemendur fari að mestu fram innan námsumhverfis bekkjarins.	Kennarar og stjórnendur setji sér markmið og kynni sér markvisst leiðir með áherslu á kennslu án aðgreiningar. *1 Fræðsla um kennslu án aðgreiningar.	Kennarar í samvinnu við stjórnendur	Stöðumat tvisvar á ári. Tengja þetta verkefni við innra mats skólans
	Leita leiða til að leysa hegðunarvandamál einstakra nemenda til að skapa vinnufrið í kennslustundum.	Leita faglegrar ráðgjafar utan skóla vegna hegðunarmótunar. Leita ávallt skýring á hegðunarvanda. Leggja áherslu á snemmtæka íhlutun og samstarf við Austurlandsteymið til að finna lausnir. Vinna að fjölþættari stuðningi við nemendur innan skólans m.a. með ráðningu fagfólks s.s. þroskaþjálfar og iðjuþjálfar. Ítreka ferli mála einstakra nemenda og leggja áherslu á samstarf við foreldra. Sjá til þess að skólareglur og viðbrögð vegna hegðunarfrávika séu vel kynnt fyrir nemendum og foreldrum.	Stjórnendur	Viðhorf foreldra og starfsmanna könnuð í mars á hverju ári í starfsmannakönnun. Viðhorf nemenda í 6.-10. bekk könnuð fjórum sinnum á ári.
	Auka samstarf og samvinnu nemenda.	Leggja aukna áherslu á samvinnunám nemenda. Teymi hugi sérstaklega að þessu atriði og stuðlað verði að fræðslu og umræðu um leiðir.	Kennarar	Sjálfsmat teyma tvisvar á ári. Næst metið apríl 2019

	Auka umræður og skoðanaskipti í námi.			Verði hluti af innra mati skólans. Upplýsingar frá nemendum í nemendakönnunum Skólapúlsins.
	Leita leiða til að hægt sé að halda uppi kennslu í list- og verkgreinum eins og aðalnámskrá segir til um þar með talið í tónmennt.	Áfram verði auglýst eftir tónlistarkennara. Leitað leiða til að list og verkgreinakennsla verði hluti af skólastarfi á elsta stigi, ekki aðeins í vali. *2 Endurskoða val á elsta stigi.	Skólastjóri	Sjálfsmat teyma tvisvar á ári. Næst metið apríl 2019 Verði hluti af innra mati skólans.
	Efla enn frekar leiðbeinandi námshætti í kennslu.	Stuðla að umræðu meðal kennara um leiðbeinandi námshætti og stuðning við að efla þá. Þetta tengist einnig vel einum af áhersluatriðum skólans virkir nemendur. Áhersla á umfjöllun og fræðslu um leiðsagnarmat og leiðbeinandi kennsluhætti í tengslum við endurmenntunaráætlun skólans.	Kennarar.	Verði hluti af innra mati skólans skólaárið 2019-2020.
	Skapa þarf aðstæður í kennslurýmum til að teymiskennsla geti nýst til fulls.	Útbúin verði fleiri vinnusvæði þar sem nemendahópar geta verið að störfum utan hefðbundinna kennslustofa. Þessi vinnusvæði verði einnig aðgengileg sem vinnusvæði starfsfólks.	Stjórnendur	Desember 2019
Innra mat				
	Gera áætlun um innra mat yfirstandandi skólaárs þar sem fram kemur hverjir taka þátt, tímasetningar, ábyrgðaraðilar, leiðir og viðmið þar sem það á við.	Vinna áætlun um innra mat yfirstandnadi skólaárs í samræmi við ábendingar. Gera slíka áætlun hluta af matskýrslu skólans.	Matshópur	Febrúar 2019

	Setja fram hvernig sérstaða skólans m.a. teymiskennsla er metin markvisst og reglubundið.	Tengja sérstöðu skólans inn í matsáætlun og setja fram áætlun um hvernig og hvenær hver áhersluþáttur er metinn.	Matshópur	Maí 2019
	Skipa matsteymi innra mats þar sem allir hagsmunaaðilar eiga sæti, m.a. nemendur og foreldrar.	Taka þetta atriði til umræðu og afgreiðslu í skólaráði. *3	Skólastjóri	Febrúar 2019
	Gera umbótaáætlun þar sem fram koma tímasetningar umbóta, ábyrgðaraðilar, verkferlar, markmið og mat á umbótum.	Vinna umbótaáætlun í samræmi við leiðbeiningar fyrir skólann byggða á niðurstöðum innra mats skólans.	Skólastjóri, matshópur	Þegar lokið.
Teymiskennsla				
	Hafa reglubundna fræðslu og ráðgjöf til kennara um teymiskennslu, sérstaklega fyrir nýliða.	Festa enn frekar í sessi áhersluatriði varðandi teymiskennslu í skólanum m.a. með lýsandi gögnum. Sjá til þess að fyrirkomulag teymiskennslu sé til umræðu í upphafi hvers skólaárs. Sjá til þess að fundir teyma um teymi verði reglulega á fundartíma kennara.	Stjórnendur.	Verði hluti af innra mati á skólastari. Vor 2020
	Nýta teymiskennsluna til að skapa enn fjölbreyttari kennsluhætti og til að	Tengsl við nám og kennslu sjá hér að ofan. Að teymin meti tvisvar á ári nám og kennslu. Niðurstöður skólapúlans séu nýttar markvisst í þessari vinnu.	Kennarar	Verði hluti af innra mati skólans.

	efla markvissa samvinnu nemenda.			
--	----------------------------------	--	--	--

*1 - Þessar breytingar eru aðkallandi einnig vegna þess að skólinn hefur yfir takmörkuðu sérrými að ráða. Fjölbreytilegur nemendahópur kallar á aukna sérþekkingu og ráðningu breiðari faghóps inn í skólann s.s. þroskaþjálfu og iðjuþjálfu. Vinnuaðstaða fyrir þessa hópa er ekki fyrir hendi. Kallað hefur verið formlega eftir stefnumótun sveitarfélagsins varðandi úrbætur á húsnæðisvanda.

*2 – Hafa þarf í huga í þessu sambandi að tónmenntaaðstaða skólans er aðstaða Tónlistarskólans á Egilsstöðum í skólanum. Því mun ráðning tónmenntakennara verða til þess að sú stofa mun ekki geta nýst Tónlistarskólanum á skólatíma.

*3 – Reynslan hefur sýnt að erfitt getur reynst að manna fulltrúa foreldra í hinum ýmsu nefndum og ráðum. Því hefur verið reynt að nýta þann vettvang sem skólaráð er til umfjöllun um innra mat. Leita þarf lausna á þessu máli. T.d. gæti matsteymi fundað tvisvar á ári með skólaráði hluta úr fundi.

Egilsstöðum, 23.janúar 2019

Ruth Magnúsdóttir, skólastjóri